



# REKSTRARLEYFI

*Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.*

Leyfishafi: Háafell ehf.  
Starfsstöð: Ísafjarðardjúp  
Kennitala: 520199-3149  
Aðsetur: Hnífsdalsbryggju  
410 Hnífsdalur  
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1171a  
Leyfið gildir til: 25.06.2037

Starfsemi:

AE 1 - Lax / Salmo Salar

Í gildi frá:

25.06.2021

Kynslóðaskipt sjókvíeldi. Hámarks lífmassi samanlagt fyrir rekstrarleyfi FE-1171a og FE-1171b er 6.800 tonn<sup>1)</sup>. Frjór lax: StofnFiskur. Sjókvieldissvæði A (Álftafjörður, Innra Kofradýpi, Ytra Kofradýpi, Seyðisfjörður), D (Skötufjörður).

<u>Svæði</u>	<u>Punktar</u>
Álftafjörður A	1. 66° 02.020'N 22° 59.200'W, 2. 66° 02.020'N 22° 58.410'W, 3. 66° 01.398'N 22° 58.325'W, 4. 66° 01.363'N 22° 59.100'W,
Innra Kofradýpi A	1. 66° 03.810'N 22° 58.469'W, 2. 66° 03.810'N 22° 57.404'W, 3. 66° 03.272'N 22° 57.402'W, 4. 66° 03.273'N 22° 58.466'W,
Ytra Kofradýpi A	1. 66° 05.342'N 22° 57.113'W, 2. 66° 05.117'N 22° 55.904'W, 3. 66° 04.138'N 22° 57.014'W, 4. 66° 04.363'N 22° 58.219'W,
Seyðisfjörður A	1. 66° 02.990'N 22° 55.740'W, 2. 66° 02.990'N 22° 54.810'W, 3. 66° 02.120'N 22° 54.860'W, 4. 66° 01.450'N 22° 54.390'W, 5. 66° 01.360'N 22° 55.310'W, 6. 66° 02.120'N 22° 55.800'W,
Skötufjörður D	1. 66° 02.844'N 22° 47.726'W, 2. 66° 02.876'N 22° 46.358'W, 3. 66° 01.585'N 22° 46.878'W, 4. 66° 01.803'N 22° 48.154'W,

*Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirliggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati Hafrannsóknastofnunar.*

<sup>1)</sup>Vegna kynslóðaskipts sjókvíelaðis Háafells á frjóum og ófrjóum laxi í Ísafjarðardjúpi gefur Matvælastofnun út aðskilin rekstrarleyfi FE-1171a og FE-1171b samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Rekstrarleyfið er bundið við, komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila, að leyfishafi lýsi yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaelðissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar.

Rekstrarleyfishafi skal við eldi frjórra laxa notast við ljósastýringu, þ.e. hafa kveikt ljós í kvíum meðan dagsbirtu gætir ekki frá 20. september til 20. mars. Við útsetningu frjórra seiða og þar til fiskur er orðin að meðaltali yfir eitt kíló skal möskvastærð í kvíum vera að hámarki 18 mm (leggengd möskvans). Frjó seiði sem sett eru út í kvíar skulu vera yfir 150 gr.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldissröðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af umhverfisaðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slikan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gangagrunni um erfðaefni hjá framleiðanda hrogsna.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskirteini útgefnu af faggilti skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Karl Steinar Óskarsson

Karl Steinar Óskarsson, sérfræðingur fiskeldis



<sup>1)</sup>Vegna kynslóðaskipts sjókvíaeldis Háafells á frjóum og ófrjóum laxi í Ísafjarðardjúpi gefur Matvælastofnun út aðskilin rekstrarleyfi FE-1171a og FE-1171b samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.